

Innihald

Formáli.....	3
Hlutverk og verkefni	3
Áherslur ársins.....	3
Skipulag skrifstofunnar	4
Félagsmáladeild	4
Hagdeild ASÍ.....	4
Lögfræðideild.....	5
MFA - Fræðsludeild ASÍ	5
Upplýsinga- og kynningardeild	6
Fjárhagsáætlunin	7
Nefndir.....	8
Alþjóðanefnd	8
Efnahags-, skatta og atvinnunefnd	8
Húsnæðisnefnd.....	8
Jafnréttis- og vinnumarkaðsnefnd.....	9
Lífeyris-, heilbrigðis- og trygginganefnd	9
Mennta og kynningarnefnd	10
Umhverfis- og neytendanefnd	10
Skipulags- og starfsháttanefnd	10
Laganefnd	11
ASÍ-UNG	11
Opnir fundir og ráðstefnur	11
Rannsóknir og greining.....	11
Fjármál.....	12
Mannauðsmál og móttaka	12
Stefnumótun, skipulag og árangur	12
Tölvur og kerfi.....	12
Samskipti við aðildarfélögin	12

Formáli

Skipulag og verkefni ASÍ ásamt verkaskiptingu milli þess og aðildarsamtakanna hefur mótast á undanförunum árum og áratugum þar sem hlutverk ASÍ er eftirfarandi:

- samráð og samstarf um stefnumótun innan samtakanna.
- samráð og samskipti við önnur samtök launafólks í sameiginlegum málum.
- samráð og samskipti við stjórnvöld í sameiginlegum málum.
- samráð og samskipti við samtök atvinnurekenda í sameiginlegum málum.
- samskipti við norræna, evrópska og alþjóðlega verkalýðshreyfingu.
- þróun og sköpun nýrrar þekkingar um samfélagsmál og stöðu og réttindi launafólks.

Þessi sýn og verkaskipting mótar rammann að starfsemi skrifstofu ASÍ hverju sinni, þar sem meginmarkmiðið er að aðstoða forseta og miðstjórn sambandsins að sinna þessu hlutverki.

Hlutverk skrifstofunnar er að tryggja góða og skilvirka þjónustu við landssamböndin og aðildarfélögin ásamt því að byggja upp nauðsynlega þekkingu á viðfangsefni sínu og veita stjórnvöldum og atvinnurekendum aðhald.

Hlutverk og verkefni

Yfirstjórn sambandsins samanstendur af forseta, varaforsetum og framkvæmdastjóra. Hlutverk yfirstjórnar er að veita starfi skrifstofunnar forystu og tryggja skilvirka miðlun á upplýsingum og fyrirmælum frá félagspólitískri forystu samtakanna, bæði miðstjórnar og samninganefndar, til starfsmanna hverju sinni.

Meginverkefni yfirstjórnar er að rækta samráð við aðildarsamtökin, í gegnum miðstjórn, samninganefnd og formannafundi ásamt beinum samskiptum við stjórnir og trúnaðarmannaráð félaganna. Daglegur rekstur skrifstofu ASÍ er í höndum framkvæmdastjóra í nánu samráði við forseta.

Áherslur ársins

Við undirbúning starfs- og fjárhagsáætlunar 2019 hefur verið stuðst við niðurstöður 43. þings ASÍ, forgangsröðun málefnanefnda ASÍ ásamt svörum við könnun sem send var til allra formanna félaga ASÍ.

Stefnuskjöl 43. þings ASÍ marka stefnu og verkefni Alþýðusambandsins til næstu tveggja ára. Þar eru það ekki síst húsnæðismál, skattamál og barátta gegn undirboðum og brotastarfsemi á vinnumarkaði sem þingið lagði sérstaka áherslu á. Málefnanefndir hafa tekið stefnuskjöl þingsins og forgangsráðað þeim verkefnum sem lögð verður áhersla á að vinna á árinu.

Aukin áhersla er á samskipti skrifstofu og starfsfólk ASÍ við félögin og í anda þess verða farnar tvær hringferðir á árinu. Sú fyrri í byrjun ársins til að kynna niðurstöður 43. þings ASÍ fyrir fulltrúum aðildarfélaganna og með hvaða hætti þær niðurstöður endurspeglast í starfsáætlun Alþýðusambandsins á árinu.

Jafnframt er lögð enn meiri áhersla á rannsóknar- og greiningarvinnu og að tryggja betra aðgengi að upplýsingum og efni á fjölbreyttan hátt bæði hvað tungumál og miðala varðar.

Sú nýbreytni er á framsetningu starfs- og fjárhagsáætlunar að þessu sinni að aðeins verður gerð örstutt grein fyrir hlutverki ASÍ og starfi deilda skrifstofunnar. Megin áherslan lögð á að tilgreina þau verkefni sem stefnt er að á árinu 2019.

Skipulag skrifstofunnar

Félagsmáladeild

Hlutverk félagsmáladeildar ASÍ er að vinna að stefnumótun og fylgja eftir ákvörðunum á vettvangi Alþýðusambandsins á sviði vinnumarkaðs- og jafnréttis- og fjölskyldumála. Þá eru starfsmenn deildarinnar aðildarsamtökunum til ráðgjafar á framangreindum sviðum. Félagsmáladeildin leiðir einnig vinnu við stefnumótun og eftirfylgni í umhverfis- og neytendamálum á skrifstofu ASÍ.

Meginverkefni félagsmáladeildar varða stefnumótun, aðgerðir og eftirfylgni í samráði við forystu ASÍ og málefnanefndir sem hér segir:

- Vinnumarkaðsstefna og skipulag vinnumarkaðsmála: Fyrirkomulag og löggjöf og reglur á íslenskum vinnumarkaði séu í samræmi við áherslur ASÍ og þær virtar.
- Aðgerðir gegn undirboðum og brotastarfsemi á vinnumarkaði.
- Virkra vinnumarkaðsaðgerða og málefni atvinnuleitenda.
- Jafnrétti á vinnumarkaði og samþættingu atvinnu- og einkalífs.
- Vinnuvernd, öryggi og aðbúnað á vinnustöðum.
- Vinnumarkaðs- og félagsmál og Evrópusamvinnan: Taki þátt í stefnumótun á Evrópuvísu um vinnumarkaðs- og félagsmál og fylgja eftir í framkvæmd hér á landi.
- Umhverfismál með áherslu á samþættingu umhverfis-, atvinnu- og neytendamála.
- Fundir, námskeiðahald, kynningar- og fræðsluverkefni er varða verkefni deildarinnar.

Þá tekur deildin þátt í undirbúningi og eftirfylgni er varðar þá þætti kjarasamninga sem varða sérstaklega viðfangsefni hennar.

Starfsfólk félagsmáladeildar starfa með eftirtöldum málefnanefndum ASÍ:

Alþjóðanefnd, Jafnréttis- og vinnumarkaðsnefnd og Umhverfis- og neytendanefnd.

Hagdeild ASÍ

Meginhlutverk Hagdeildar ASÍ er að sinna ráðgjöf á sviði kjara- og efnahagsmála, m.a. með ráðgjöf við gerð kjarasamninga. Ennfremur sinnir hagdeild rannsóknnum á sviði efnahagsmála, velferðarmála, jöfnuðar, skatta, húsnæðismála, vinnumarkaðsmála og atvinnumála og fylgir eftir stefnu Alþýðusambandsins innan þeirra málefnaflokka. Hagdeild heldur einnig úti virku verðlagseftirliti með könnunum á verðþróun helstu útgjalda heimilanna og áherslum á neytendamál. Hagdeildin samanstendur af hagfræðingum og sérfræðingi í verðlagseftirliti. Starfsmenn hagdeildar sinna einnig hluta af málefnanefndum miðstjórnar, þ.e. efnahags-, skatta- og atvinnumálanefnd, lífeyris-, heilbrigðis og trygginganefnd, húsnæðisnefnd og umhverfis- og neytendanefnd.

Hagdeild ASÍ birtir spár um stöðu og þróun efnahags- og verðlagsmála og hefur í tengslum við það útritið Horfur í efnahagsmálum. Deildin annast aðstoð og ráðgjöf við gerð kjarasamninga m.a. með úrvinnslu á gögnum sem unnin eru í launarannsókn Hagstofu Íslands. Deildin sinnir greiningu, skýrslugerð, úttektum og umsögnum á sviði velferðarmála, atvinnumála, lífeyrismála og skattamála og tekur þátt í samtali við stjórnvöld á þeim málefnasviðum. Þá er starfsemi verðlagseftirlits ASÍ hluti af hagdeild. Hagdeild ASÍ tekur þátt í samstarfi hagfræðinga norrænna systursamtaka. Árlega eru haldnir 2 fundir þar sem tekin eru fyrir ólík þemu að hverju sinni. Á árinu 2019 verða fundirnir haldnir í Noregi og Finnlandi.

Lögfræðideild

Lögfræðideild veitir miðstjórn, forystu, forystumönnum, aðildarsamtökum ASÍ og skrifstofu sambandsins lögfræðilega ráðgjöf og þjónustu, aðallega á sviði vinnuréttar. Þetta felur í sér gerð lögfræðilegra greinargerða ef við á en einnig og ekki síður bein og milliliðalaus samskipti í gegnum síma og tölvupóst. Félagsmönnum aðildarfélaganna er almennt beint til síns félags en þeir eiga þó að jafnaði greiðan aðgang að lögfræðilegri ráðgjöf og upplýsingum í gegnum síma og með því að beina fyrirspurnum til sambandsins yfir vefinn. Deildin kemur fram fyrir hönd sambandsins, inn á við og út á við eftir því sem ákveðið er hverju sinni og umboð veitt til þ.m.t. gagnvart Alþingi og stjórnvöldum. Starfsmenn taka þátt í þverfaglegu samstarfi innan skrifstofunnar, starfa með samninganefnd ASÍ og aðstoða samninganefndir aðildarsamtakanna skv. óskum þeirra. Starfsmenn koma einnig fram fyrir hönd ASÍ í alþjóðlegu og fjölþjóðlegu samstarfi, faglega og félagspólitískt, eftir því sem ákveðið er hverju sinni m.a. innan ETUC, NFS, ILO og ITUC. Deildin heldur utan um þróun og eftirlit með skipulagi ASÍ, annast undirbúning á afgreiðslu lagabreytinga aðildarfélaganna og skil á tryggingafræðilegri stöðu sjúkrasjóða, allt undir verkstjórn miðstjórnar og fastanefnda. Deildin safnar í samvinnu við starfsmenn og lögfræðinga aðildarsamtakanna, upplýsingum um ágreining um túlkun kjarasamninga, leggur til efni til mótunar tillagna að sameiginlegri kröfugerð og tekur þátt í sameiginlegri kjarasamningsgerð eftir því sem við á. Jafnframt er fylgst með réttarþróun og túlkun dómstóla til undirbúnings krafna á stjórnvöld og til þess að hafa áhrif á lagasetningu. Starfsmenn sinna eins og svigrúm leyfir rannsóknum og útgáfu á sviði vinnuréttar. Þeir bera ábyrgð á og annast um uppfærslu og viðhald á öflugum og stórum vinnuréttarvef ASÍ m.a. í ljósi nýrra dóma, innlendra og erlendra og tekur virkan þátt í félagslegri fræðslu. Deildin annast höfðun dómsmála vegna ágreinings um málefni sem skipta hreyfinguna alla máli og sem hafa fordæmisgildi.

MFA - Fræðsludeild ASÍ

Hlutverk fræðsludeildar ASÍ er að veita stéttarfélögum þjónustu varðandi uppbyggingu fræðslu, með áherslu á að styrkja talsmenn og trúnaðarmenn verkalýðshreyfingarinnar. Aðildarfélög ASÍ hafa möguleika á að fá sértæka fræðslu eftir þörfum til að móta starf og stefnu sem miðar að því að efla innra starf félaga og samskipti út á við. Fræðsludeildin rekur Félagsmálaskólann. Hlutverk hans er að auka þekkingu talsmanna stéttarfélaga og efla þá í starfi til þess að þeir séu betur í stakk búnir að vinna að bættum lífskjörum launafólks. Talsmenn BSRB hafa einnig aðgang að Félagsmálaskólanum. Í samstarfi skólanefndar Félagsmálaskólans, menntanefndar og starfsmanna skólans, er mótuð heildarsýn fræðslustarfsins og stefna fyrir hverja önn. Þarfagreining og stefnumótun fléttast inn í daglegt starf starfsmanna skólans og eru tengsl við talsmenn stéttarfélaga mikilvægur þáttur í starfi þeirra.

Helstu verkefni fræðsludeildar er að vinna að stefnumarkandi áherslum í mennta- og vinnumarkaðsmálum í samráði við yfirvöld, atvinnulíf og menntastofnanir á öllum stigum. Áhersla er lögð á að greina menntunarþörf atvinnulífsins og auka vægi verk- og starfsnáms í íslensku menntakerfi ásamt því að þróa nýjar fjölbreyttar starfsnámsleiðir. Meginverkefni Félagsmálaskólans er að bjóða námskeið sem taka mið af aðstæðum á vinnumarkaði og í samfélaginu hverju sinni og taki til þarfa og aðstæðna félaganna.

Upplýsinga- og kynningardeild

Hlutverk upplýsinga- og kynningardeildar er að hafa yfirumsjón með almennri upplýsingamiðlun Alþýðusambandsins, auglýsingum og kynningarefni.

Megin verkefni deildarinnar er að viðhalda efnislega og tæknilega öllum miðlum ASÍ en undir deildina falla m.a. heimasíða, samfélagsmiðlar, Youtube rás ASÍ, útgáfumál, kynningarefni, gerð skoðanakannana og ritstjórn Vinnunnar og Skýrslu forseta (ársrit ASÍ).

Upplýsinga og kynningardeild ræktar samband við helstu fjölmiðla landsins með það fyrir augum að eiga greiða leið að þeim þegar þurfa þykir. Samskipti við auglýsingastofur, könnunarfyrtæki, hugbúnaðarfyrtæki, grafíska hönnuði, ljósmyndara, prentsmiðjur, þýðendur og prófarkalesara eru á verkswiði deildarinnar. Þá sér hún um allar smærri styrkveitingar Alþýðusambandsins og heldur yfirlit yfir þær.

Fjárhagsáætlunin

Fjárhagsáætlun 2019

	Áætlun 2018	Áætlun 2019	Breytingar í kr.
Skatttekjur ASÍ	422.021.800	451.019.880	28.998.080
Framlög v. Hagdeildar	30.000.000	30.000.000	0
Framlög v. MFA	2.334.000	2.904.000	570.000
Tekjur af útgáfustarfsemi	3.900.000	0	-3.900.000
Rekstrartekjur alls	458.255.800	483.923.880	25.668.080
Laun	196.955.601	214.993.990	18.038.389
Launatengd gjöld	70.603.200	78.830.173	8.226.973
Verðlagseftirlit	3.000.000	3.200.000	200.000
Laun og launatengd gjöld alls	270.558.801	297.024.163	26.465.362
Miðstjórn, fastanefndir og samráð	10.500.000	5.530.000	-4.970.000
Þing/formannafundur	15.000.000	1.240.000	-13.760.000
ASÍ - Ung	3.000.000	2.500.000	-500.000
Samráð og stefnumótun	28.500.000	9.270.000	-19.230.000
Iðgjöld til alþjóðasamtaka	6.911.906	7.080.000	168.094
Þátttaka í fundum erlendis	6.700.000	14.240.000	7.540.000
Alþjóðlegt samráð og stefnumótun	13.611.906	21.320.000	7.708.094
Auglýsinga- og kynningamál	16.000.000	16.000.000	0
Styrkveitingar	2.800.000	3.200.000	400.000
Vinnan	4.500.000	2.500.000	-2.000.000
Eigin útgáfur	4.500.000	4.000.000	-500.000
Heimasíða/vefrit - rekstur og uppsetning	7.000.000	9.000.000	2.000.000
Klukk / Hýsing - þýðing pólsk-ensk	3.000.000	3.000.000	0
Þýðingar (Áður Hringbraut)	4.612.074	3.500.000	-1.112.074
Rannsóknir greining og stöðumat	3.000.000	4.000.000	1.000.000
Verðkannanir / Þróunarvinna	2.000.000	2.000.000	0
Almenn upplýsingastarfsemi	47.412.074	47.200.000	-212.074
Þýðing og þróun efnis	1.000.000	5.000.000	4.000.000
Genfarskóli	1.000.000	700.000	-300.000
Niðurgreiðsla á námskeiðum aðildarfélag	4.500.000	3.800.000	-700.000
Kjaramál	5.100.000	2.000.000	-3.100.000
Opnir fundir	0	900.000	900.000
Félagslegir fundir og ráðstefnur	6.700.000	8.550.000	1.850.000
Einn réttur ekkert svindl	5.000.000	16.000.000	11.000.000
Jafnréttismál	0	3.000.000	3.000.000
Umhverfis- og neytendamál	0	900.000	900.000
Annað, óráðstafað	2.950.000	2.700.000	-250.000
Fræðsla og félagslegur kostnaður	26.250.000	43.550.000	17.300.000
Aðkeypt þjónusta	15.513.700	12.332.728	-3.180.972
Skrifstofukostnaður	10.000.000	7.516.266	-2.483.734
Húsnæðiskostnaður	43.094.282	44.357.518	1.263.236
Þátttaka annarra	-4.387.528	-4.508.371	-120.843
Rekstur skrifstofu	64.220.454	59.698.142	-4.522.312
Afskriftir búnaðar	4.700.000	4.700.000	0
Rekstrarkostnaður alls	455.253.235	482.762.305	27.509.070
Afkoma fyrir fjármagnsliði	3.002.565	1.161.575	-1.840.990
Kvikmynd - rafræn útgáfa	17.000.000	0	-17.000.000
Vaxtatekjur	21.500.000	0	-21.500.000
Fjármagnsliðir alls	21.500.000	0	-21.500.000
Afkoma ársins	7.502.565	1.161.575	-6.340.990

Nefndir

Á vegum miðstjórnar starfa margvíslegar nefndir sem hafa frumkvæði að málefnavinnu og vinna skv. samþykktum miðstjórnar og þinga ASÍ. Hlutverk þessara nefnda er að undirbúa stefnumótun ASÍ, hver á sínu sviði, og fylgja málum eftir. Nefndirnar eru ákaflega mikilvægur þekkingarbrunnur og vettvangur fyrir skoðanaskipti, samstarf og þróun innan ASÍ. Hér á eftir má sjá áherslur nefnda ASÍ fyrir árið 2019.

Alþjóðanefnd

- Fylgjast með og fylgja eftir áherslum ASÍ á sviði félags- og vinnumarkaðsmála á Evrópuvísu
- Fylgjast með og taka virkan þátt í greiningu íslenskra stjórnvalda og eftirfylgni vegna úrsagnar Breta úr ESB og EES.
- Skýra stefnu ASÍ varðandi þróunarsamstarf af hálfu íslenskra stjórnvalda.
- Taka virkan þátt í starfi þeirra alþjóðasamtaka/ stofnana sem ASÍ á aðild að, einkum NFS, ETUC, ILO og Ráðgjafarnefndum EFTA og EES.
- Kynna heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna og Global Deal verkefnið hér á landi og afla því frekari stuðnings
- Vinna áfram að því að samræma betur starf fulltrúa aðildarsamtaka ASÍ í stjórnnum, nefndum og ráðum á norrænum og evrópskum vettvangi.
- Miðla upplýsingum um alþjóðamál og hagsmuni launafólks til aðildarfélaganna og út í samfélagið – auka þýðingar.
- Orðasafn/hugtakabanki á vefnum um samfélagið og vinnumarkaðinn á nokkrum tungumálum.

Efnahags-, skatta og atvinnunefnd

- Eftirfylgni með stefnu ASÍ í efnahagsmálum-, skatta- og atvinnumálum.
- Fylgjast með þróun jöfnuðar á Íslandi.
- Vinna að skattatillögum ASÍ. Móta og útfæra sýn verkalýðshreyfingarinnar til uppbyggingar og þróunar skattkerfisins á grundvelli hagsmuna launafólks.
- Greining á jöfnuði og tekjuskiptingu á Íslandi m.a. með alþjóðlegum samanburði.
- Rannsókn á félagslegum hreyfanleika á Íslandi.
- Greining á efnahagsmálum og efnahagshorfum á Íslandi.
- Opinn fundur um jöfnuð og lífskjör

Húsnæðisnefnd

- Nýtt húsnæðislánakerfi að danskri fyrirmynd
- Samstarf við lífeyrissjóðina um uppbyggingu áhættudreifðra skuldabréfasjóða
- Breytingar á lögum og reglum við viðbótarlífeyrissparnað
- Lagamma um leigufélög – breytingar á húsaleigulögum
- Lækkun byggingakostnaðar
- Viðurlög á sveitarfélög sem ekki tryggja fjölbreytt framboð lóða á lágu verði.
- Úrbætur á lögum um samvinnufélög og húsnæðisfélög sem starfa án hagnaðar.
- Setja skyldur á sveitarfélögin að sinna félagslegu hlutverki sínu á húsnæðismarkaði m.a. með framboði á félagslegu húsnæði og uppbyggingu almennra íbúða
- Húsnæðisstuðningskerfin. Tryggja þarf að þau séu áreiðanlegur stuðningur sem þjóni hlutverki sínu sem jöfnunartæki.
- „Þjóðarsáttmáli um húsnæðismál“

Jafnréttis- og vinnumarkaðsnefnd

- Jafnlaunastaðall ÍST 85: Endurskoðun
- Jafnlaunavottun: Eftirlit - fræðsla
- Endurskoðun laga um fæðingar- og foreldraorlof
- Kynbundin áreitni, ofbeldi og einelti á vinnumarkaði – „Örugg í vinnunni“.
- Samráð/samstarf við samtök hinsegin fólks – Samtökin 78.
- Upplýsingaöflun, greining og stefnumörkun: Endurskoðun á reglum um rétt foreldra til launaðra fjarvista vegna veikinda barna – víðtækara gildissvið.
- Upplýsingaöflun, greining og stefnumörkun um: Skipulag skólastarfs, dagvistunarúrræða, frístundastarfs og réttinda á vinnumarkaði mæti betur þörfum foreldra leik- og grunnskólabarna.
- Vinna að sameiningu Vinnuálastofnunar og Vinnueftirlitsins
- Greining á umfangi og algengi launabjófnaðar á Íslandi og varpa betra ljósi á brotastarfsemi á vinnumarkaði.
- Aðgerðir gegn undirboðum og brotastarfsemi á vinnumarkaði:
 - EINN RÉTTUR-EKKERT SVINDL!
 - Þróa lista og framsetningu á upplýsingum um brotafyrirtæki og útfæra viðurkenningu á starfsmannaleigum
 - Vinna áfram að keðjuábyrgð á vinnumarkaði
 - Vinna að löggjöf um kennitölufylgningu
 - Reglur og eftirfylgni um sjálfbóðaliðastörf og vinnustaðanám og þjálfun
- Upplýsingasöfnun, greining og stefnumörkun um aðgerðir til að stytta vinnutímann og útfærslu
- Upplýsingasöfnun, greining og stefnumörkun um atvinnulýðræði og áhrif starfsmanna á stefnumótun og stjórn fyrirtækja
- Upplýsingasöfnun, greining og stefnumörkun: Réttindi launafólks og starfsmanna í tengihagkerfinu.
- Stefnumótun í vinnuvernd og henni fylgt eftir með endurskoðun á vinnuverndarlöggjöfinni
- Unnið á grundvelli heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna sem varða verkefni jafnréttis- og vinnumarkaðsnefndar og þau kynnt.
- Samstarf um vinnumarkaðsupplýsingar og greiningu. Greining á upplýsingum um vinnumarkaðinn, stöðu hans og þróun í samstarfi við aðrar deildir á skrifstofu ASÍ.
- Samstarf aðila vinnumarkaðarins um rannsóknir sem varpa ljósi á stöðu launafólks og möguleikana að samþætta atvinnuþátttöku og einkalíf.

Lífeyris-, heilbrigðis- og trygginganefnd

- Áframhald samningaviðræðna um endurskoðun á kjarasamningi ASÍ og SA um lífeyrismál.
 - Fylgja eftir innleiðingu á ákvæði um tilgreinda séreign í lög.
 - Endurskoðun á réttindakafli kjarasamningsins.
- Tryggja félagsmönnum aðildarfélaga ASÍ hjá sveitarfélögum greiðslu sérstaks lífeyrisauka sem lið í jöfnun lífeyrisréttinda milli almanna og opinbera vinnumarkaðarins.
- Skoða þátttöku í innleiðingu á reiknilíkani Alþjóðabankans á sviði lífeyrismála.
- Samráðsfundur með stjórnarmönnum launafólks í lífeyrissjóðum á samningssviðinu.
- Vorfundur samráðshóps ASÍ og SA um lífeyrismál skv. kjarasamningi.
- Ráðstefna um lífeyrismál
- Fylgja eftir áherslum ASÍ í almannatryggingamálum
- Endurskoðun á örorkulífeyrir almannatrygginga
- Skoðun á áhrifum ótryggari/óhefðbundnari ráðningaforma á réttindi launafólks t.d. veikinda- og slysarétt. Hver er staðan og hvaða leiðir höfum við til að tryggja réttindin.
- Fylgja eftir stefnu ASÍ í heilbrigðismálum og greiðsluþátttöku sjúklinga.
- Umfjöllun um áhrif mismunandi rekstrarforma í heilbrigðisþjónustu.

Mennta og kynningarnefnd

- Leiða vinnu við mótun hæfnistefnu fyrir Ísland.
- Mat á námi til launa þarf að formgera í samvinnu við stéttarfélögin, m.a. á grundvelli raunfærnimats á móti störfum í atvinnulífinu.
- Taka þátt í og fylgja eftir þróun raunfærnimats á framhalds- og háskólastigi.
- Halda áfram að berjast fyrir fagháskólastigi.
- Leiða umræðu um stefnumótun aðildarfélaganna um menntamál í ljósi tækniþróunar og breyttra atvinnuhátta, með sérstakri áherslu á verk- og iðnnám.
- Sjá um að í boði verði uppá góð námskeið og fræðslu sem henta hverju sinni og að réttur fólks verði viðurkenndur til að sækja sér menntun á vinnutíma án launaskerðingar.
- Áfram verði haldin fjarfundareriindi fyrir starfsfólk stéttarféлага.
- Fræðslu í grunn- og framhaldsskólum verði haldið áfram í samstarfi við stéttarfélögin. Gefa þarf út fræðsluefni fyrir þennan hóp.
- Fræðslumyndbönd þarf að endurskoða m.t.t. þýðingar/texta.
- Berjast fyrir auknum fjárframlögum til fullorðins fræðslu.
- Þátttaka í samráðshópi sem er að endurskoða lög um framhaldsfræðslu.
- Endurútgáfa orðabókar sem gefin var út af AOF.
- Festa þarf hæfnirammann í sessi í atvinnulífinu.
- Veita umsagnir eftir því sem við á.
- Efla ungt fólk í hreyfingunni, m.a. með námskeiðinu *Ungir leiðtogar*.
- Námskeið, fundir og ráðstefnur í samvinnu við aðrar nefndir/deildir.
- Efla upplýsingaflæði og samstarf við stéttarfélögin um fræðslu.
- Ný heimasíða ASÍ
- Vinnan, netblað
- Klukk
- Auglýsingar ASÍ
- Skoðanakannanir
- Samráðsfundur PR-fólks í hreyfingunni.

Umhverfis- og neytendanefnd

- Verklag og leiðbeiningar fyrir aðildarfélögin í tengslum við umhverfis- og neytendamál.
- Efla samtarf við neytendasamtökin, stjórnvöld og náttúruverndarsamtök.
- Spurningakönnun til aðildarféлага um hvaða og hvernig fræðslu á að bjóða upp á.
- Vinna að innleiðingu sjálfbærnimarkmiða SP og gera sýnileg í allri vinnu nefndarinnar.
- Vinna kynningarefni fyrir aðildarfélög.
- „Hversu stórt er fótsporið þitt?“ – lífsstílsbreyting.

Skipulags- og starfsháttanefnd

- Breytingar á lögum ASÍ – Gerðardómar og gildistaka lagabreytinga
- Atkvæðisréttur ASÍ-UNG
- Lögfræðikostnaður aðildarsamtakanna – samlegð
- Breytingar á þingsköpum
- Persónuvernd – fræðsla og aðstoð
- „Umboðsmaður“ starfsfólks stéttarféлага

Laganefnd

- Laganefnd hefur eitt og afmarkað verkefni sem er að fara yfir lagabreytingar aðildarfélaganna og gefa miðstjórn álit sitt þar um.

ASÍ-UNG

- Vinnu-/fræðsluhelgi stjórnar í janúar eða febrúar. Kynning á starfi verkalýðshreyfingarinnar og skipulag starfs og stefnu ASÍ-UNG.
- Viðburður á vormánuðum þar sem fjallað er um málefni líðandi stundar – mögulega panelumræður um kjarasamninga.
- Viðburður á haustmánuðum þar sem fjallað er um málefni líðandi stundar – ekki komið ákveðið efni.
- Ungir leiðtogar. Námskeið fyrir unga og efnilega einstaklinga innan verkalýðshreyfingarinnar.
- 1. maí PubQuiz– Þátttaka í hátíðahöldum 1.maí og aðgerðir til þess að hvetja ungt fólk til þess að taka þátt. og hvatning til ungs fólks á vinnumarkaði (PubQuiz)
- Fáni ASÍ-UNG– fyrir kröfugöngu
- Fundur utan höfuðborgarsvæðisins. Halda stjórnarfund utan höfuðborgarsvæðisins til þess að koma til móts við fjölbreyttar þarfir stjórnarmanna ásamt því að efla tengslanet og störf stjórnar.
- Vefsíða / Leitarvélabestun. Uppsetning vefsíðu fyrir ASÍ-UNG þar sem fjallað er um áherslur ungs fólks og réttindi þess og stöðu á vinnumarkaði.

Opnir fundir og ráðstefnur

- 8. mars
- Karlaráðstefna - barbershop
- Kvennaráðstefnan **Tökum Brúna**
- 24. október
- Umhverfisráðstefna – haust 2018
- Opnir fundir fyrir forystu og starfsmenn aðildarféлага ASÍ – umhverfis- og neytendamál.
- Málþing með lífeyrissjóðunum um aðkomu þeirra að uppbyggingu á nýju húsnæðislánakerfi og fjármögnun leigufélaga.
- Málþing/fundur með Íbúðalánasjóði um regluverk á íslenskum leigumarkaði – hvernig er það og hvað þarf að bæta.
- Ráðstefna / Málþing / Fyrirlestrar “Að taka sér valdið”
- Ráðstefna/námskeið um stjórn og starfsemi sjúkrasjóða

Rannsóknir og greining

- Félagslegur hreyfanleiki – goðsögn eða veruleiki
- Launaþjófnaður
- Stytting vinnutímans – aðferðir og nálgun
- Tengihagkerfið og ný ráðningarform – réttindi starfsmanna
- Atvinnulýðræði og áhrif launafólks á stjórn og stefnu fyrirtækja
- Vinnumarkaðsupplýsingar og greining
- Staða launafólks; samþætting atvinnuþátttöku og einkalífs
- Hagspá
- Jöfnuður á Íslandi
- Lífskjarasamanburður
- Kynjabókhald

Fjármál

- Allir fjárhagsferlar verði skjalaðir
- Skilgreint er með hvaða hætti eftirlitsaðgerðir eru framkvæmdar
- Aðgerðir til að skerpa á kostnaðarvitund allra starfsmanna

Mannauðsmál og móttaka

- Taka upp reglulegar starfsánægjukannanir
- Verkefnastýrður vinnustaður
- Endurskoða leiðarljós ASÍ
- Ljúka innleiðingu og vottun jafnlaunakerfis
- Vinna samkvæm hugmyndafræði heilsueflandi vinnustaðar
- Reglubundin starfsmannasamtöl með áherslu á framtíð, væntingar og markmið
- Vinna að fræðsluáætlun fyrir skrifstofuna

Stefnumótun, skipulag og árangur

- Unnið að alhliða stefnumótun í byrjun árs 2019
- Í framhaldi af alhliða stefnumótun getur átt sér stað endurskoðun á skipuriti
- Í framhaldi af alhliða stefnumótun getur átt sér stað endurskoðun á fyrirkomulag húsnæðisins
- Sýnum góðan árangur á öllum sviðum starfseminnar
- Ferðir erlendis verði kolefnisjafnaðar
- Vinnustaðurinn setji sér mælanleg markmið

Tölvur og kerfi

- Uppfæra skjalastjórnunarkerfið GoPro
- Fjarfundarbúnaðurinn

Samskipti við aðildarfélögin

- Vera í virku samandi við aðildarfélög ASÍ með fjölbreyttum hætti
- Ein hringferð eftir áramót til að skila stefnu ASÍ aftur til grasrótarinnar
- Ein hringferð að hausti